

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. október 2017

Efni: Svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokks um flutning Bílastæðasjóð í Höfðatorg

Í Borgarráði 31. ágúst s.l. var lögð fram svhljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna flutnings bílastæðasjóðs - R17080184

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um flutninga bílastæðasjóðs og kostnað vegna þeirra. Ljóst er að stöðumælaverðir verða ekki eins vel staðsettir á nýjum stað ef horft er til gjaldskyldra svæða. Hefur verið tekið tillit til þess tíma sem það tekur stöðumælaverði að ferðast til að komast yfir gjaldskyld svæði út frá nýrri staðsetningu inn í þeim kostnaði?*

Svar:

Bílastæðasjóður flutti starfsemi sína úr Vonarstræti 4 í Höfðatorg þann 1. september sl. Það er því ekki komin mikil reynsla á það hvaða áhrif þetta mun hafa á starfsemina. Kostnaður við flutningana sundurliðast þannig:

- a. Húsnæðisbreytingar: kr. 4.168.518.-
- b. Flutningskostnaður: kr. 516.390.-
- Samtals: kr. 4.684.908.-

Bílastæðasjóður var staðsettur Höfðatorgi árin 2008 – 2010 þegar hann var fluttur frá Hverfisgötu 14. Við þann flutning kom í ljós að það dró verulega úr eftirliti á götum og tekjur lækkuðu þar sem fjarlægðin frá kjarnanum var orðin töluvert lengri. Bílar sem áttu að vera í eftirliti með stöðubrotum voru aðallega í að sækja og sendast með stöðuverði milli eftirlitssvæða og aðalstöðvar og var skutlast með stöðuverði í 8 hverfi af 10 og stjórnaðist oftast en ekki af veðurbreytingum. Við flutning starfseminnar í Vonarstræti snerist sú tala við, stutt að fara í flest hverfi.

Starfsemin hefur verið að teygja sig meira vestur í bæ en austur síðastliðin ár og lengjast því göngutúrar stöðuvarða á meðan svo er. Uppbygging á hafnarsvæðinu í áttina að Grandagarði kallar á aukna gjaldskyldu og bættist Nýlendugata og Mýrargata nýlega við. Einnig má nefna að enn er verið að bæta við gjaldskyldum svæðum í nágrenni miðborgarinnar og má þar nefna götukanta í Þingholtum að og í kringum Landspítala og Norðurmýri. Þegar því verður lokið verður farið í að huga að frekari gjaldskyldu austur úr frá Borgartúni og það mun taka einhver ár. Þannig má segja að æskilegra hefði verið að finna Bílastæðasjóði aðsetur nær miðju út frá gjaldskyldum svæðum eða í nágrenni við Lækjartorg og bíða með flutninga í Höfðatorg þar til gjaldskyldu verður komið á í Laugarnesi, Laugardalnum og víðar.

Það eru margir kostir við að vera með skrifstofu Bílastæðasjóðs í Höfðatorgi, m.a. nálægð við helsta samstarfsfólk o.fl., en þó er óumdeilt að útideildin er betur sett nær sínu starfssvæði og ekki er hægt að skilja að starfseminu.

*Kolbrún Jónatansdóttir*  
*Kristín Þ. Ragnarsdóttir*

---

Kolbrún Jónatansdóttir  
Framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs